

## Hjörleifur Pálsson hlýtur Stjórnunarverðlaunin 2010 í flokki fjármálastjórnunar

Verðlaunahafinn á sviði fjármálastjórnunar er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann hefur af framsýni byggt upp öflugt fjármálasvið sem hefur náð eftirtektarverðum árangri. Hann hefur verið fjármálastjóri samstæðunnar og í framkvæmdastjórn félagsins frá árinu 2001, en á árunum 1998-2001 var hann eigandi, stjórnarmaður og endurskoðandi hjá Deloitte & Touche hf.

Fyrirtækið er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki og nam velta þess árið 2009 331 milljón bandaríkjadala og starfsmenn voru um 1500 í lok árs. Félagið hefur verið skráð í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi frá 1999 og í Kaupmannahöfn frá 2009.

Hann hefur haft frumkvæði að ýmsum verkefnum sem hafa bætt skipulag og vinnubrögð á sviði fjármála og séð um fjármögnun samstæðunnar bæði í formi lánsfjár og eiginfjár ásamt tilheyrandi samskiptum við lánastofnanir og hluthafa. Borið ábyrgð á fjárfestatengslum og uppbyggingu á fjárhagslegu vörumerki fyrirtækisins. Frá árinu 2004 hefur hann haft umsjón með helstu fyrirtækjakaupum og greiningu á viðskiptatækifærum.

Hann hafði yfirumsjón með vel heppnaðri skráningu Össurar á danskan hlutabréfamarkað 2009 og óhætt að segja að hann hafi verið farsæll í fjármálastjórn og fjármögnun fyrirtækisins frá árinu 2001. Hefur fyrirtækið hlotið viðurkenningar fyrir metnaðarfulla, trausta og samkvæma upplýsingagjöf til fjárfesta.